

Umhverfismennt

Þátttaka á námskeiðum Náttúruskólans

Beiðni um þátttöku á námskeiði skal senda á netfangið natturuskoli@reykjavik.is. Fram þarf að koma:

- 1) Heiti námskeiðs
- 2) Nafn þátttakanda
- 3) Skóli eða stofnun sem þátttakandi vinnur við

Þáttökugjald er kr. 2.000,- fyrir kennara í grunn- og leikskólum Reykjavíkur en kr. 5.000,- fyrir aðra. Kennarar úr skólum borgarinnar njóta forgangs á námskeiðin þar til viku fyrir auglýstan námskeiðsdag.

Séu forföll ekki tilkynnt er þáttökugjald innheimt engu að síður.

Öll námskeið Náttúruskólans fara fram utandyra, nema annað sé tekið fram, og því þurfa þátttakendur að vera vel búnir til útiveru.

Nánari upplýsingar á www.natturuskoli.is

Hengið blaðið upp
sem veggspjald!

Náttúruskóli
Reykjavíkur



Menntun til sjálfbærni

8. apríl 2010, fimmtudagur kl. 15:00-17:00

Um þessar mundir eru lagðar nýjar línur í menntastefnu þjóðarinnar þar sem eitt af fimm meginstefum er *menntun til sjálfbærni*. Auk þess hefur áratugurinn 2005-2014 verið nefndur *Áratugur menntunar til sjálfbærrar þróunar* af Sameinuðu þjóðunum.

Sjálfbær þróun er margslungið hugtak sem hefur vafist fyrir mörgum. Á námskeiðinu verður fjallað um rætur hugtaksins og hvað það þýðir í skólastarfi. Fjallað verður um sjálfbærni í skólastarfi og hugað að kennsluverkefnum sem auðvelda kennurum að takast á við þetta viðamikla verkefni.

Námskeiðið hentar öllum kennurum og áhugafólki um umhverfismennt.

Líffræðilegur fjölbreytileiki

15. apríl 2010, fimmtudagur kl. 14:30-17:00

Árið 2010 hefur verið tilnefnt af Sameinuðu þjóðunum sem *Ár líffræðilegs fjölbreytileika*. Í tilefni af því standa Náttúruskólinn, verkefnið *Skólar á grænni grein* og Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn sameiginlega að sérstöku námskeiði um líffræðilegan fjölbreytileika í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands.

Á námskeiðinu verður hugtakið kynnt og sett í hagnýtt samhengi þar sem kennarar fá að spreyta sig á verkefnum sem nýstast nemendahópum sem sækja Laugardalinn heim.



Sjálfbær útikennslusvæði

18. maí 2010, þriðjudagur kl. 14:30-17:00

Fjölmargir skólar hafa innleitt útinám í skólastarfið og margir þeirra hafa komið sér upp sérstakri aðstöðu til útikennslunnar. Regluleg notkun útikennslusvæða myndar ágang og mikilvægt er fyrir skólana að huga að heilbrigðri framvindu svæðanna.

Náttúruskóli Reykjavíkur, verkefnið *Skólar á grænni grein* og Lesið í skóginn taka höndum saman og halda námskeið um sjálfbær útikennslusvæði. Fjallað verður um hvernig umgangast skal útikennslusvæði með sjálfbærum hætti, ræddar leiðir til úrbóta og verkefni unnin sem nýst geta kennurum og nemendum í þessari vinnu.



Útikennsla

Stærðfræði og útikennsla

7. apríl 2010, miðvikudagur kl. 15:00-17:00

Útikennsla er skemmtileg aðferð til að auðga stærðfræðikennslu á öllum stigum grunnskólans, hvort sem hún fer fram í manngerðu umhverfi eða náttúrulegu. Á námskeiðinu verður farið í ýmsa stærðfræðileiki og verkefni sem nýtast til kennslu hvenær sem er og krefjast lítills viðbótarundirbúnings kennara.

Verkefnin spanna öll stig grunnskólans, þau fjalla um tölur og talnaskilning, reikniáðferðir, mynstur og regluleika í náttúru og umhverfi og algebru.

Námskeiðið hentar öllum kennurum, jafnt stærðfræðikennurum sem almennum.

Útiöldun

14. apríl 2010, miðvikudagur kl. 15:00-17:00

Enn á ný heldur Náttúruskólinn námskeið í útiöldun í samstarfi við Guðmund Finnbogason, skáta og heimilisfræðikennara við Laugarnesskóla. Útiöldun er bráðskemmtileg viðbót við hefðbundna útikennslu og er alls ekki eins snúin og ætla mætti.

Fjallað verður um eldstæði, eldivið og hvernig best er að bera sig að til að útbúa góðan mateld. Ýmis eldunaráhöld verða sýnd og prófuð og þátttakendur fá að spreyta sig við matreiðsluna.

Útiöldunarnámskeiðið eitt vinsælasta námskeið Náttúruskólans og í hvert sinn sem það er haldið eru prófaðar nýjar uppskriftir og hugmyndir.

Leikir og samvinnuþrautir

20. apríl 2010, þriðjudagur kl. 15:00-17:00

Í samstarfi við ÍTR stendur Náttúruskólinn fyrir leikjanámskeiði. Þátttakendur læra ýmsa leiki og samvinnuþrautir sem efla andann og styrkja liðsheildina. Námskeiðið er verklegt, þ.e. við sjálf ætlum að leika okkur og læra leikina þannig.

Námskeiðið hentar vel þeim sem starfa með börnum og unglingum á aldrinum 10-16 ára og fer fram í Siglingaklúbbnum Siglunesi í Nauthólsvík.

Leiðbeinandi er Óttarr Hrafnkelsson, deildarstjóri Siglunes, ÍTR.

Hjólað út í vorið

26. apríl 2010, mánudagur kl. 15:00-17:00

Námskeiðinu er ætlað að undirbúa þá kennara sem hafa áhuga á að hjóla út í vorið með nemendum sínum. Áður en það er gert þarf nefnilega að huga að ýmsu sem þátttakendur fá tilsögn í, s.s. stillingum á hjólreiða-hjálum og hjólastelli, loftþrýstingi í dekkjum og keðjumurningu. Á námskeiðinu fá þátttakendur leiðsögn um hvernig hjólað er í hópi og ferðast í umferð og fjallað um heppilegar hjólaleiðir í Reykjavík og nágrenni. Einnig verður farið yfir öll helstu öryggisatriði er lúta að hjólreiðum í bæ og borg.

Þátttakendur mæta á eigin hjólum. Ath. takmarkaður fjöldi kemst að!!! Leiðbeinandi er Sesselja Traustadóttir, framkvæmdastýra *Hjólafémi*.

Náttúruleikir

20. maí 2010, fimmtudagur kl. 9:30-11:30

Leikurinn er mikilvægasta náms- og þroskaeign barna. Leikur er frábær leið til að opna augu barna fyrir fjölbreytileika umhverfis og náttúru og leggja þannig grunn að umhverfisvitund einstaklingsins.

Á námskeiðinu verða kenndir leikir sem hjálpa yngstu nemendum að upplifa og skynja umhverfi sitt. Í þeim er lögð áhersla á að nota sem flest skynfæri og að auka orðaforða nemendanna.

Námskeiðið hentar einkum leikskólakennurum og þeim sem starfa á yngsta stigi grunnskólans.

Náttúruleikir er vinsælasta námskeið Náttúruskólans og nú þegar hafa fjölmargir kennarar tileinkað sér leikina og innleitt í starf sitt.

Yngstu náttúrufræðingarnir

1. júní 2010, þriðjudagur kl. 9:30-11:30

Náttúrufræðikennsla yngstu nemendanna er miklu skemmtilegri ef hún fer fram utandyra.

Á námskeiðinu verður fjallað um einfaldar rannsóknir og tilraunir sem henta börnum á leikskólaaldri og nemendum á yngsta stigi grunnskólans. Verkefnin hafa það að markmiði að skerpa sýn barnanna á náttúruna og umhverfið í kring um okkur. Ýmis einföld áhöld til rannsóknarvinnunar verða búin til.

Námskeiðið er skemmtileg viðbót við náttúruleikina sem margir hafa tileinkað sér.

Svona gerum við! - Leikskólanámskeið

Steinahlíð - Útileikir & tilraunir

28. apríl 2010, miðvikudagur kl. 9:30-11:30

Hvað finnst krökkunum í Steinahlíð skemmtilegt og mikilvægt?!

Steinahlíð hefur um árabíl verið frumkvöðull í útikennslu og umhverfismennt og verkefni námskeiðsins eru valin út frá viðtölum við nokkur börn í leikskólanum. Þeim er ætlað að vekja athygli og áhuga á umhverfinu, örva skapandi hugsun og hugtakaskilning svo eitthvað sé nefnt.

Námskeiðið fer fram á lóð leikskólans Steinahlíðar og leiðbeinandi er Steinunn Jónsdóttir, leikskólastjóri.

Sunnuborg - Leikið & lært

4. maí 2010, þriðjudagur kl. 9:30-11:30

Sunnuborg hefur sl. tvö ár innleitt útinám í leikskólastarfið í samstarfi við Laugaborg og Grasagarð Reykjavíkur í Laugardal í verkefninu *Leikið og lært*.

Þátttakendur hittast við Sunnuborg og ganga saman niður í Laugardal þá leið sem börn Sunnuborgar eru vön. Á leiðinni verður stansað af og til og vakin athygli á því sem börnin upplifa í útikennslunni. Farið verður á heimasvæði leikskólans í Laugardalnum og *leikið og lært* í ýmsum stuttum verkefnum.

Leiðbeinendur á námskeiðinu eru Áslaug Pálsdóttir og Heiða Hrönn Sigfúsdóttir, leikskólakennarar á Sunnuborg.

Laugaborg - Fjörur

11. maí 2010, þriðjudagur kl. 9:30-11:30

Á námskeiðinu verður farið í Laugarnesfjöru í fylgd kennara í Laugaborg en þar hafa margir nemendur Laugaborgar verið í útikennslu og fjöruskoðun.

Megináherslan verður á að kynna lífríki fjörunnar og umhverfi hennar. Dýr og plöntur verða skoðaðar í sínu náttúrulega umhverfi og fjallað um hvernig náttúran og umhverfið nýtist í útináminu.

Þátttakendur þurfa að vera vel búnir til fjöruferðar og stígvél eru grundvallaratriði.

Leiðbeinandi er Berþóra Vilhjálmisdóttir, leikskólakennari í Laugaborg.

Reynisholt - Jóga & leikir

27. maí 2010, fimmtudagur kl. 9:30-11:30

Í Reynisholti hefur jóga verið markvisst innleitt í skólastarfið. Á námskeiðinu verður farið í jógastund og leiki tengda náttúrunni líkt og gert hefur verið með nemendum leikskólans. Fjallað verður um hvernig jóga og útikennsla hafa fléttast saman í leikskólanum og gefin góð ráð.

Námskeiðið fer fram í Reynislundi sem er skógarrjóður við leikskólann Reynisholt.

Mikilvægt er að þátttakendur séu í hlífðarbuxum.

Leiðbeinendur eru Aðalheiður Stefánsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri, og Anna Steinunn Villalobos, deildarstjóri.

Laugaborg - Vorævintýri

9. júní 2010, miðvikudagur kl. 9:30-11:30

Laugaborg hefur notað Laugardalinn til útikennslu í tvö ár í verkefninu *Leikið og lært* í samstarfi við Sunnuborg og Grasagarð Reykjavíkur í Laugardal.

Á þessu námskeiði verður fjallað um hvernig útikennslu yngstu barnanna er hagað í Laugaborg. Rætt verður um hvaða upplifun börnin hafa fengið af útikennslunni og hvernig árstíðirnar hafa spilað inn í viðfangsefnið. Þar sem námskeiðið fer fram að vori er einblínt á skordýr og gróður. Þátttakendur munu gægjast milli trjáanna og fá tækifæri til að horfa á náttúruna með augum barnsins.

Leiðbeinandi er Unnur Brynja Guðmundsdóttir deildarstjóri á Laugaborg.

Hof - Flakkarar á flakki

15. júní 2010, þriðjudagur kl. 9:30-11:30

Í vetur var útikennsla innleidd í starf elstu barnanna í leikskólanum Hofi. Hún byggist á ferðum í Laugardal og vettvangsferðum út í samfélagið. Þannig hefur námssviðunum *Mening og samfélag* og *Náttúra og umhverfi* verið steypt saman með skemmtilegri útkomu.

Á námskeiðinu verður sérstaklega fjallað um hvernig hefja á útistarf í leikskólum, hvaða þætti er vert að hafa í huga og hvernig ryðja má hindrunum úr vegi. Við fáum að kynna því sem unnið hefur verið í vetur á Hofi, skipulagi vettvangsferðanna og ýmsum gögnum sem hafa nýst vel.

Námskeiðið hentar sérstaklega vel þeim sem vilja nota sumarið til að hefjast handa. Leiðbeinandi er Særún Ármannsdóttir.